

birta
brestur í söng

HULDA

KRISTINSDÓTTIR

» hannar úr leðri

» Ævintýri

EINARS

TH. GUÐMUNDSSONAR

GARÐAR
THÓR CORTES

» *Kynþokkafyllsti maður Íslands*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
10. febrúar - 16. febrúar

Sjálfskipt Fiesta. Núna



► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bilamerki. Spannandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bilamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Fiesta. Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákni um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, aksturseygja-leikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.

Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Farangursrýmið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á rétta bílum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

Nýr og breyttur Ford Fiesta: Lægra verð, meiri búnaður.*

Kaupverð

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra	1.390.000 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	1.540.000 kr.

Bílasamningur

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra	18.920 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	20.970 kr.


Rekstrarleiga

Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra	26.910 kr.
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur	29.590 kr.

Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta



Ford er meðal vinsælustu bilamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntikarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Fiesta er áfellekur.



Nýtt tákni um gæði



Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Þú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytiseyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman aksturseiginleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggispúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggispúða í hliðum. Spurðu um 3-punkta bilbelti fyrir öll sæti, rafstýrða bilbeltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bilbelti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsivörn. Þú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði. Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- | | |
|--------------------------------|--|
| IPS öryggisbúnaður | Upphitanleg framsæti |
| 4 öryggispúðar | Trend ákleeði á sætum |
| 5 höfuðpúðar | Tvískipt aftursæti |
| ABS hemlajæsivörn | Geislaspilari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun | Rafdrifnar rúður að framan |
| Rafstýrðir bilbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti |
| Hæðarstílt bilbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir útispeglar |
| Ræsivörn | Litað gler |
| Fjarstýrð samlæsing | Samiðir stuðarar |
| Hæðarstilling á ökumannssæti | Þokuljós |
| Hæðarstillanlegt stýri | |

Eða Fusion - svolítið jeppalegri?

Skoðuðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Þú ert á meiri og betri bíl en áður. Hann er hærri og enn auðveldari að umgangast. Líka svolítið jeppalegri. Skoðuðu kynningartilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukjörin. Komdu í Brimborg.



■ Ford Fusion Trend
5 dyra 1,6i sjálfskiptur*
Kaupverð 1.650.000 kr.
Bílasamningur 22.460 kr.
Rekstrarleiga 31.530 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á

GUCCI

POLO RALPH LAUREN

EMPORIO ARMANI

BAUSCH & LOMB

Elizabeth Arden
eyewear

LINDBERG

KLICK
denmark

GIORGIO ARMANI

Safilo®

PERRY ELLIS

DIESEL
SHADES

Góð verslun
á góðum stað



Gleraunaverslunin í Mjódd

Álfabakka 14 • 109 Reykjavík • Sími: 587 2123



16



22



36



20

Þetta helst

- 7 Þar spretta laukar
- 8 Tíðarandi
- 10 Tvist og bast brennsla Hildar Ingveldardóttur Guðnadóttur
- 12 Eins og ævintýri

Viðtöl


- 16 Garðar Thór Cortes: Stefmir á plötu í Englandi
- 20 Gælunöfn: Ekkert mál að heita Hnokki og Dúllí

Hann/hún

- 22 Súpa, salat og brauð
- 26 Leður er svo skemmtilegt efni
- 28 Fimleikasýningar hjá ömmu
- 32 Stjörnuþá
- 36 Lífstílsbreyting frekar en megrun
- 36 Útlit ofar gáfum

Í hverju blaði

- 38 Sudoku
- 40 Krossgáta
- 41 Dagskrá næstu viku



Útgáfa í hásam til Reykjavíkur

- Eftir tvöföldun Reykjanesbrautarinnar verður aðeins 15 mínútna akstur til Hafnarfjarðar
- 5 mínútna akstur er að Leifsstöð
- 10 mínútna akstur er í Bláa Lónið

- Ekki þarf að greiða sérstaklega fyrir lóðirnar
- Gatnagerðargjöld eru mun lægri en í Reykjavík
- Fallegar gönguleiðir meðfram sjónum

Hugsaðu út fyrir rammann

Úthlutun lóða í Dalshverfi 1 og 2

Reykjanesbær auglýsir, frá og með mánudeginum 6. feb. 2006, lausar lóðir í Dalshverfi 2. Um er að ræða 77 lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð. Einstaklingar hafa forgang. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar næstkomandi.

Auk þessa eru par-, rað- og fjölbýlishúsalóðir fyrir um 400 íbúðir sem eru að stærstum hluta ætlaðar lögadílum.

Ennfremur eru nokkrar lóðir fyrir einbýlishús á tveimur hæðum í Dalshverfi 1 til úthlutunar strax. Verður sá háttur hafður á í Dalshverfi 1 að umsækjandi velur sér lóð. Fyrstur kemur fyrstur fær!

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar bendir á að allar eldri umsóknir þarf að endurnýja.

Reykjanesbær hefur hafið úthlutun á lóðum í splunkunýju hverfi, Dalshverfi 2. Nýja hverfið er hlaðið kostum: stutt er í alla verslun og þjónustu, skóla og leikskóla, örstutt í Bláa Lónið, örstutt á alþjóðaflugvöllinn – og eftir tvöföldun Reykjanesbrautar verður aðeins 15 mínútna akstur til Hafnarfjarðar. Reykjanesbær er óflugt bæjarfélag í stöðugri sókn og búseta þar er nú raunhæfur kostur fyrir þá sem sækja vinnu á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Íbúar Reykjanesbæjar greiða mun lægri gatnagerðargjöld en Reykvikingar og ekki þarf að greiða sérstaklega fyrir lóðirnar. Það sem sparast mætti t.d. nota til að kaupa nýjan bíl eða fara í utanlandsferð með fjölskylduna.

Nánari upplýsingar í síma 421 6700 og á reykjanesbaer.is



REYKJANESBÆR

reykjanesbaer.is

Hinn og hvar / 5A

Þar spretta laukar

Á landi eins og okkar þar sem allt er á kafi í snjó og varla sést til sólar stórrann hluta ársins eru fyrstu merki vorsins mikilvæg. Vorlaukarnir eru meðal þeirra. Þegar grænir angarnir teygja sig upp úr kaldri jörðinni bendir það til þess að brátt fari betri tíð í hönd.

Því miður er raunin ekki alltaf sú og ástæða þess að laukarnir taka við sér getur verið örstutt hlýindaskeið sem gengur fljótt yfir. Þeir minna okkur samt sem áður á það að vorið kemur alltaf á endanum þó að það láti kannski aðeins bíða eftir sér.

Texti: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR Mynd: VILHELM GUNNARSSON

heitt & kalt |

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Við stofuhita

Ískalt

Litlir fólksbílar
Eyða litlu og eru skemmtilegir í akstri.

Spennuþættir
Lost, 24, Prison Break... Úfff, maður byrjar strax að svitna.

Hanastél
Eru ekki eins áberandi og þau voru fyrir stuttu síðan.

Derhúfur
Allir áttu nokkrar derhúfur fyrir nokkrum misserum. Nú eru bara hjólbrettagaurar með derhúfu, eins og áður var.

Trúarbragðadeilur
Hin ótrúlega teiknimyndadeila sýnir best hversu fáránlegar trúarbragðadeilur eru.

Verðlaun

Uppskerutími listamanna

Bændur uppskera síðsumars en listamenn uppskera á útmánuðum. Tónlistarverðlaun, bókmenntaverðlaun, listamannalaun, það er allt að gerast um þessar mundir. Sé litið utan Íslands er sama upp á teningnum. Grammy-verðlaunin bandarísku voru afhent í vikunni. Kvikmynda- og sjónvarpsstjórnur kepptu um Golden Globe-verðlaunin sem voru afhent á dögunum og það styttist óðum í að Óskarsverðlaunin verði afhent. Allar þessar verðlaunahátíðir eru sýndar beint í sjónvarpinu og óhætt að segja að nú sé gósentíð viðkvæmra sálna sem hafa gaman að því að fylgjast með stjórnunum þakka öllum sem þær hafa hitt um dagana fyrir kynnin. Ekki er verra að á íburðarmestu hátíð ársins, Óskarsverðlauninum, eiga Íslendingar fulltrúa, Rúnar Rúnarsson. Áfram hann.



Ljósmynd: HARI



Tískubylgja

Sokkana yfir buxurnar

Einhver fékk þá snilldarhugmynd fyrir nokkru að girða buxurnar ofan í stígvélin. Þótti þessi hugmynd það góð að allir tóku það upp að troða buxunum af áfergju ofan í stígvél og sprönguðu um götur bæjarins með höfuðið hátt. Svo liðu dagarnir og einhverjum hefur leiðst að vera eins og allir hinir og tók því upp að girða buxurnar ofan í stígvélin og ullarsokkana. Sem er líka svona rosalega flott. Þannig að buxurnar fara þá undir allt og sokkar og stígvél fá loks að njóta sín.

Árshátíðir

Tækifæri til spariklæðnaðar

Nú er kominn tími árshátíðanna. Helstu vinnustaðir og skólar halda veislur og fólk fer í sitt finasta tau. Þá er um að gera að drífa sig í búðirnar og finna eitthvert glingur og skraut til að gera sig sérstaklega sparilegan. Það gefast ekki svo oft tækifæri til þess.





Landsbankinn
Banki allra námsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

SÝNUM
NÁMSMÖNNUM
TILLITSSEMI

Námsstyrkir

Við vitum hvað námsmenn þurfa. Árlega veitir Landsbankinn viðskiptavinum Námunnar tólf námsstyrki. Í ár höfum við hækkað þá töluvert og sýnum námsmönnum þannig sjálfsagða tillitssemi.

Styrkirnir skiptast þannig:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms á Íslandi, 150.000 kr. hver
- 4 styrkir til háskólanáms á Íslandi (BA/BS/MA/Phd), 300.000 kr. hver
- 3 styrkir til háskólanáms erlendis (BA/BS/MA/Phd), 350.000 kr. hver
- 2 styrkir til listnáms, 300.000 kr. hvor

Umsóknarfrestur vegna úthlutunar námsstyrkja er til 24. febrúar 2006.

Allar nánari upplýsingar og skráningarblöð eru að finna á www.landsbanki.is.

HÆÐRI
NÁMSSTYRKIR



brennslan mín ...
Hildur Ingvaldardóttir Guðnadóttir

Twist og bast brennsla

Hildur Ingvaldardóttir Guðnadóttir, sellóleikari og meðlimur stórsveitar Nix Noltes, vinnur þessa dagana að sólóplötu á Hólum í Hjaltadal. Hún tók vel í að gera brennslu fyrir Birtu þrátt fyrir annríki. Hún komst þó að því að það er enginn hæðarleikur að setja saman 10 laga brennslu. „Það er nú ekkert grín að velja bara 10 lög fyrir ykkur að brenna! Ég hafði þó mér til hliðsjónar að velja lög sem ég hef hlustað mikið á upp á síðkastið og sem hafa gefið mér gæðahúð í meira en 70 skipti.“ Lögín koma héðan og þaðan en að sögn Hildar eru þau ekki í neinni sérstakri röð.

- | | |
|-----------------|--|
| TRACK 1 | Weeping Rock - Napoli 23 Ég er fyrir löngu búin að missa töluna á því hversu oft ég hef fengið gæðahúð þegar þetta lag er á fóninum. Þessi plata er líka í heild sinni alveg stórkostleg. |
| TRACK 2 | Vorið kom - Haukur Morthens Haukur á stóran sess í mínu hjarta, eins og væntanlega hjá þjóðinni allri. Ég get ekki annað en tárast í hvert sinn sem heyrir hann syngja með þessu barni. |
| TRACK 3 | Eye in the Sky - Alan Parsons Project Ég rambaði aftur á þetta lag um daginn þegar ég var að kynna mér tónlist frá árinu 1975. Það hefur verið nýja uppáhaldslagið mitt síðustu vikur. Tímalaus hamingja. |
| TRACK 4 | Electric Counterpoint - Steve Reich Það er ekki til betri leið að vakna en við gítarspil. Ég hef sett þetta á fóninn og stigið trylltan dans fleiri morgna en ég þori að nefna. |
| TRACK 5 | Wild Horses - Rolling Stones Ég hef aldrei verið mikill Stones-aðdáandi, en þetta lag er nú algjört met! Ég segi ekki meir. |
| TRACK 6 | Blemish - David Sylvian Titillag samnefndrar plötu sem er í miklu uppáhaldi hjá mér. Hann syngur þetta við undirspil Dereks Bailey. Fyrst vissi ég ekki hvort ég ætti að elska þessa rödd eða hata. |
| TRACK 7 | Willow's Song - Paul Giovanni Þetta lag er úr myndinni „Wicker Man“. Ég held að tónlistin í myndinni sé eina tónlistin sem hefur komið út eftir þennan mann en hún er alveg sérdeilis frábær. |
| TRACK 8 | Unchained Melody - Pete Drake Mér áskotnaðist plata með honum um daginn. Þar syngur hann nokkra gamla smelli í lyftutónlistarútgáfum í gegnum pedal steel gítar. |
| TRACK 9 | These Days - Nico Ef það er þung á mér brúnin er fá lög sem geta jafn auðveldlega fengið mig til þess að brosa út í annað og þetta. Mér finnst það alltaf benda mér á hvað hlutir sem maður getur miklað fyrir sér eru oft hjákátlegir. |
| TRACK 10 | Happy Ending - Arthur Russell Ég er búin að hlusta svo mikið á plötuna hans „World of Echo“ að hún rennur eiginlega alveg saman í eitt hjá mér. Ég valdi þess vegna bara eitt lag af handahófi. |

» birta mælir með...

...KVIKMYNDINNI **WALK THE LINE**, sem byggð er á ævi Johnny Cash. Sagan er kannski kunnugleg en Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon sýna frábæran sameik, keyrð áfram af kraumandi kántrí. Sannkölluð tónlistarveisla.



... **KAFFISOPA Á ÞJÓÐMINJASAFNINU**. Kaffitár hefur tekið yfir kaffistofuna í Þjóðminjasafninu og enginn verður svikinn af því að kíkja þangað í kaffi. Veitingar eru heldur ekki af verri endanum. Fyrir barnafólk er gott að vita að aðgengi fyrir barnavagna er hið besta.

...**TÓNLIST NOUVELLE VAGUE**. Afar seiðandi og falleg plata. Gamlar post-punk perlur níunda áratugarins teknar fyrir og settar í einstaklega sexí búning. Franskar söngkonur sem syngja lögín setja afar skemmtilegan svip á plötuna með kynsandi söng sínum. Varla hægt að fá betri plötu til þess að spila í boðum.



Splunkunýr antíkplötuspilari

NÝTT

Að þessu sinni kynnum við til leiks nýjan hlut sem reyndar lítur við fyrstu sýn ekki út fyrir að vera nýr. Hluturinn ætti að vera kærkomin græja fyrir metnaðarfulla áhugamenn um tónlist sem kunna mjög illa við ný hljómflutningstæki sem eru flest án plötuspilara fyrir vínýlplötur. Hér er lausnin komin: Plötuspilari sem lítur út fyrir að vera hundrað ára gamall en er útbúinn fullkomnum geislaspilara, kassettutæki, magnara og víð-ómskátölurum. Fyrir þá sem vilja nota græjuna sem aðalhljómflutningstæki heimilisins eru aukateggi fyrir hátalara og nokkuð sem fæstir af gömlu plötuspilurum gátu státað af: Fullkomna fjarstýringu!



EFTIR ASTRID LINDGRÉN

FRUMSÝNT

12.
FEBRÚAR

MÍÐASALA
HAFIN

RONJA

FRÆNINGJADÓTTIR

TILBOÐ



Þú færð bókina um Ronju og miða á sýninguna á frábæru tilboði í miðasölu Borgarleikhússins.

SAMSKIP

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR Myndir: VALLI

Ævintýri óperusöngvarans

Þótt Einar Th. Guðmundsson hafi ekki verið í neinni öskustóð áður en hann hélt til söngnáms í Austurríki fyrir fimm árum þá er ferill hans líkastur Öskubuskuævintýri. Nú er hann nýkvæntur kominn heim til að syngja á Íslandi í fyrsta sinn – í óperunni um Öskubusku.

EINAR, HVERT ER ÞITT HLUTVERK Í ÖSKUBUSKU?

Þeir sem hafa lesið söguna þekkjа hina góðu dís sem fylgir Öskubusku á ballið og gerir sitt til að koma henni í fang prinsins. Í óperunni er það karlmaður sem kemur Öskubusku til hjálpar og ég leik hann.

HVAÐAN ERTU?

Ég er fæddur í Reykjavík en alinn upp í Garðabæ.

NÚ ERT ÞÚ NÝTT NAFN Í ÓPERUSÖNG HÉR - HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ OG HVAR?

Ég lauk námi við Kennaraháskólann 1998 og gerðist skólastjóri Seljalandskóla undir Eyjafjöllum. Annað haustið mitt þar byrjaði ég, fyrir hvatningu annarra, að læra söng hjá Eyrúnu Jónasdóttur sem þá var skólastjóri Tónlistarskóla Rangæinga á Hvolsvelli. Hef alltaf haft gaman af tónlist og spilaði í mjög ófrægum danshljómsveitum í mörg ár en hætti því þegar ég var kominn austur í sveitir. Þess í stað lauk ég 8. stigi í söng á tveimur árum með aðstoð kennara við Söngskólann í Reykjavík sem studdu vel við bakið á mér á lokasprettinum. Eyrún fór til framhaldsnáms til Salsburg í Austurríki og hvatti mig mjög til að gera það líka. Þó mér liði mjög vel í mínu starfi þá hugsaði ég sem svo að það væri nú eða aldrei enda var ég orðinn 29 ára. Ég komst inni Mozarteum í Salsburg og var þar í tvö ár en eftir þann tíma fannst kennaranum rétt að ég prófaði að syngja fyrir í óperuhúsum. Ég fór til Vínar og þar var ég tekinn inn.

ERTU HJÁ SJÁLFRI VÍNARÓPERUNNI?

Já, það eru tvö stór óperuhús í Vín sem þó eru undir sama hatti rekstrarlega séð. Þau eru Statsoper, sem er ríkisóperan og Volksoper, þjóð-

aróperan sem tekur um 1400 manns fullskipuð. Söngvararnir eru ráðnir þannig að þeir geti sungið í þeim báðum ef eftir því er leitað en ég hef til þessa einungis sungið við Volksoper. Þetta er þriðja árið mitt þar og ég er með samning fram í ágúst 2007. Þetta er auðvitað búið að vera eins og ævintýri en ég tek öllu með ró og ætla bara að sjá hvert framhaldið verður.

ER MIKIÐ AÐ GERA?

Hlutverkin eru ekki öll stór en ég fæ að syngja mjög mikið og það er gott meðan maður er að fóta sig og læra það sem skiptir mestu máli - að vera afslappaður á sviði. Svo drekkur maður í sig hin ýmsu hlutverk. Þetta er heimikil vinna og mjög góður skóli.

HVERNIG FINNST ÞÉR AÐ SYNGJA HÉR HEIMA?

Það er mjög gaman en samt væri óskandi að við Íslendingar fengjum óperuhús. Það er verið að gera frábæra hluti niður í Ingólfsstræti miðað við aðstæður en aðstæðurnar gætu verið svo miklu, miklu betri. Þetta er eitthvað sem verður að kippa í liðinn og ég hvet Kópavogsbæ til að klára dæmið.

AÐ LOKUM AÐEINS AÐ FJÖLSKYLDUMÁLUNUM.

Já, ég á tíu ára son sem heitir Þórsteinn Ingi og svo var ég að gifta mig þann 6. janúar, austurrískri sópransöngkonu sem heitir Katharina. Við kynntumst í Salsburg.

TIL HAMINGJU! Er hún með þér hér á landi?

Já og við munum syngja saman á hádegisstundum í Íslensku óperunni 7. mars - ástardúetta!

www.sigrunelsa.is

Ég vil vinna á grunni þess sem við höfum gert

Ég hef mikla reynslu af borgarmálum. Ég á sæti í menntaráði og er varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, formaður samstarfsnefndar um lögreglumálefni og formaður hverfisráðs Hlíða. Ég gegndi formennsku starfshóps sem mótaði stefnu um gjaldfrjálsan leikskóla fimm ára barna, svo fátt eitt sé nefnt.

Ég vil vinna Sjálfstæðisflokkinn í vor

Ég hef tvisvar tekið þátt í kosningasigri Reykjavíkurlistans gegn Sjálfstæðisflokknum. Við eigum að setja markið á sigur. Það er raunhæft og Reykvíkingar eiga skilið að Samfylkingin taki upp fánann þar sem félagar okkar í Reykjavíkurlistanum vörpuðu honum frá sér.

Ég vil vinna að enn betri Reykjavík

Á næsta kjörtímabili verður að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar, og laga grunnskólann enn frekar að breyttum tímum. Við eigum að standa vörð um Orkuveitu Reykjavíkur og auka þar vægi umhverfisvænna áherslna við ákvarðanatöku.



Ég þarf stuðning þinn í

2.-4. sæti

í opnu prófkjöri Samfylkingarinnar

11.-12. febrúar

**SIGRÚN ELSA
SMÁRADÓTTIR**

Sigrún Elsa er 33 ára, í sambúð með Vilhjálmí Goða Friðrikssyni og á þrjú börn, dætur á öðru og tólfta aldursári og fjórtán ára son. Hún er matvælafræðingur og hefur meistaragraðu í viðskiptastjórnun (MBA). Hún hefur starfað sem markaðsstjóri hjá einkareknu fyrirtæki sl. tíu ár.

Viðtal við stelpuna í næsta húsi, Söru Jessicu Parker



Hvernig vildi það til að þú ákvaðst að bjóða upp á þinn eigin ilm?

Í raun hefur mig dreymt um að framleiða mitt eigið ilmvatn frá því ég var lítil stelpa. Í gegnum árin hef ég upplifað hina ýmsu ilmi sem hluta af draumi um annan og betri lífsstíl.

Ég minnst þess að mamma sparaði saman til að geta farið í finar verslanir og keypt sér gott ilmvatn þegar

nákvæmlega réttur í alla staði, ég ákvað því að vanda mig og bjóða þar til ég hefði nægan tíma og þroska til að hella mér út í svona verkefni.

Hver stór hluti af þessari línu er í raun og veru þín eigin hugmynd?

Þar sem ég hef í gegnum árin blandað saman hinum ýmsu vörum til að skapa minn eigin stíl og minn eigin ilm þá hafði ég mjög ákveðnar hugmyndir þegar ég koma að þessu verkefni.

Ég blandaði mér í alla þætti ferilsins, allt frá framleiðslu á sjálfu efninu, hönnun á glasinu og síðan hafði ég mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig pakkingarnar ættu að líta út. Þetta hefur verið ótrúleg upplifun og ég tel mig hafa lært heilmikið um viðskipti, sem mun efalaut nýttast mér vel í framtíðinni.

Hvernig myndir þú lýsa þessum ilmi?

Mér finnst orð eins og kvenleg, kynæsandi og klassísk standa upp úr. Ég vonast til að þessi ilmur verði klassískur og ekki bara enn ein tiskubólan.

Markmiðið er að framleiða ilm sem hentar flestum konum, óháð aldri, útliti eða týpu. Mér finnst ilmur sem er fagur eða yndislegur eigi að vera handa öllum en ekki bara nokkrum útvöldum.

Telur þú að einhverjar sérstaklega mikilvægar áherslur sé að finna í þessum ilmi?

Allar áherslurnar eru mikilvægar. Við byrjuðum að þróa þennan ilm út frá minni eigin blöndu sem smátt og smátt hefur þrósast innra með mér. Síðan var þessi ilmur heimfærður og lagaður til þannig að hann geti hentað sem flestum.

Hvernig kom það til að þú valdir nafnið Lovely á ilmvatns línunna?

Mér finnst þetta alveg óviðjafnanlegt nafn. Ég var alveg steinhissa á að enginn skuli hafa notað þetta fallega nafn fyrr. Lovely eða "yndislegt" eins og þið gætuð sagt á íslensku er svo fallegt orð, þetta orð er notað mikið í kringum mig, mamma notar þetta daglega, tengdamamma notar þetta orð og Matthew maðurinn minn notar þetta orð oft. Þannig að þetta orð stendur mér sérstaklega nærri og svo er þetta svo elskulegt orð. Ég held að fá önnur orð gætu lýst þessum ilmi betur.

Hvaðan fékkst þú hugmyndina að sjálfu ilmvatns glasinu?

Ég vil að sjálf ilmvatnsflaskan sé klassísk eins og ilmurinn

og fylgi ekki neinum sérstökum tiskum eða stefnum. Ég leitaðist við að nota form úr náttúrunni, eitthvað sem færi vel í hendi, ég endaði með einskonar egg formi. Hugmyndina að tappanum fékk ég síðan með því að skoða gömul en klassísk ilmfvötn, með því að blanda þessum tveimur atriðum saman vonast ég til að útlitið verði klassískt.

Niðurstaðan er nákvæmlega sú sem ég óskaði mér, fallegt glas, þar sem lögd er áhersla á hvert einasta smáatriði eins og bleika borðann og inngrafíð merki.

Ég sé að þú notar fól bleikan lit í umbúðir ilmvatnsins er einhver sérstök ástæða fyrir þessum lit?

Ég hef alltaf elskað föibleikan lit sem er að finna á tátíljum hjá ballerínunum, ætli þetta sé ekki bara ballerínu bleikt. Mér finnst þessi litur fara svo vel með einhverju sem er unaðslegt, fagurt eða yndislegt, enda er fátt yndislega en litlar ballerínur.

Það er eitthvað rómantískt og einlægt við þennan lit, og þegar blandað hefur verið gulli og silfri í hönnunina finnst mér komnar flottar andstæður sem skapa akkúrat þá draumsýn sem ég hef á þessu spennandi verkefni.



Oscar de la Renta

Oscar de la Renta og Sara Jessica Parker unnu saman að kynningu á nýrri ilmvatns línu, "Lovely by Sarah Jessica Parker". Oscar hannaði þennan fallega a-línu kjól fyrir Söru.

Kjöllinn vakti þvilika athygli á kynningum erlendis og hefur nú verið ákveðið að selja svona kjóla í verslunum Oscar de la Renta í Ameríku. Kjöllinn mun kosta um \$9.800

mikið stóð til. Eftir að ég óx úr grasi þá hef ég leitast við að blanda saman olíum og hinum ýmsum ilmfvötnum til að skapa minn eigin ilm, ætli það sé ekki ástæðan fyrir því að ég lét verða af þessu.

Hver var ástæða þess að þú ákvaðst að bjóða þar til nú með þína eigin ilmvatns línu?

Ég var lengi vel á báðum áttum varðandi mína eigin línu. Ég hef í gegnum tíðina horft upp á frægt fólk leggja nafn sitt við hvað sem er með misjöfnum árangri, ég er þessu ósámmála.

Eins og áður sagði þá hefur mig dreymt um að framleiða minn eigin ilm alveg frá því ég var lítil stelpa og hafði því mjög ákveðnar hugmyndir um hvað ég vildi og þó sérstaklega hvað ég vildi ekki. Þessi ilmur varð að vera



Eau De Perfume Spray	30 ml.
Eau De Perfume Spray	50 ml.
Soft Body Lotion	200 ml.
Gentle Bath & Shower Gel	200 ml.

Vörurnar eru fánlegar í öllum betri snyrtivörudeildum um allt land. Heildsala og dreifing er hjá Ísflex ehf.

WWW.SARAHJESSICAPEARLSCHEMESTERBEAUTY.COM



LOVELY ON THE INSIDE



LOVELY

SARAH JESSICA PARKER

THE FIRST SCENT

Stefnir á *plötuútgáfu* í Englandi

Garðar Thór Cortes þarf sannarlega ekki að kvarta yfir fábreytileika í sínum störfum. Síðastliðna viku hefur hann til dæmis sungið eitt aðalkarhlutverkið í óperunni Öskubusku. Hann kynnti Evróvisjón-keppendur til leiks í undankeppni sem þjóðin fylgist spennu með og svo var hann kosinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins, reyndar í annað sinn á stuttum tíma.

Garðar er hálfvandræðalegur þegar hann sest hjá blaðakonu sem spyr hann hvernig það sé að vera kosinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins. „Þetta er bara gaman,“ segir hann og brosir en það voru hlustendur útvarpsstöðvarinnar Létt sem völdu hann í vikunni. Hlustendur Rásar tvö gáfu honum hins vegar þennan titil á dögnum. Hann kveðst ekki kunna neina sérstaka skýringu á vinsældunum. „Ég hef verið frekar áberandi undanfarið,“ segir hann hógvæ. Bendir á að það sé mikið af myndarlegum Íslendingum til, einungis hluti af þeim sé frægur og sá kynþokkafyllsti komi óhjákvæmilega úr þeim hópi. Hann er hógvæ hann Garðar og gerir sér líklega ekki grein fyrir því hvað hann er myndarlegur hugsar blaðakonan og ákveður að sleppa honum við frekari spurningar um kynþokka í bili.


Víkur þess í stað talinu að listinni. Garðar gaf út sína fyrstu einsöngsplötu fyrir jólin. Hún seldist í bílförnum á landinu, kom það á óvart? „Já, það gerði það. Og það sem kom mér einnig á óvart var það að ég vissi að það var töluvert af ungu fólki, unglíngum og krökkum sem keyptu sér plötuna. Ég átti ekki von á því að hún vekti áhuga þeirra,“ segir maðurinn sem sjálfur var kominn á kaf í klassík á unga aldri.

„Ég byrjaði í söngskólanum átján ára, sem er frekar ungt fyrir söngnám karla. En ég vissi hvað ég vildi gera.“ Kannski var valið

auðvelt þegar haft er í huga að hann ólst upp við tónlist, faðir hans er Garðar Cortes óperusöngvari og mamma hans, Krystyna Cortes, er píanóleikari. „Mér var ekki ýtt út í tónlistina, ég fór fyrst að læra á kornett og svo í sönginn,“ segir Garðar og greinilegt er að valið var aldrei erfitt.

Þrátt fyrir sinn klassíska bakgrunn hlustar Garðar á alls konar tónlist. „Ég hlusta á djass, popp og ýmiss konar tónlist rétt eins og ég gerði sem unglíngur,“ segir hann. En Evróvisjón? „Ég hef alltaf fylgst með Evróvisjón,“ segir Garðar Thór sem vill ekkert tjá sig um hamaganginn í kringum söngvakeppnina í ár, enda kynnir hennar. Hann upplýsir hins vegar að Gleðibankinn sé hans uppáhalds-Evróvisjónlag.

Klassíkin stendur honum þó nær. Hann hefur nóg að gera sem söngvari, ferðast mikið til Evrópu til að syngja í óperum og á tónleikum, var til dæmis meira erlendis en hér heima á síðasta ári. En hann vill búa á Íslandi. „Ég er samt aðeins klofinn, þegar ég er hér langar mig út og svo þegar ég er úti þá langar mig heim.“ Tengslin við England eru enda býsna sterk, þar var hann í námi og þar á hann fjölskyldu. „Ég gisti alltaf hjá móðursystur minni þegar ég fer til England,“ segir hann með sælusvip og greinilegt er að honum þykir vænt um fjölskyldu sína. Móðir hans er alin upp í Englandi en er raunar hálfensk því faðir hennar var pólskur. Hann




„Ef platan kemur
út í Englandi þá gerist
það á árinu. Það væri
voða gaman ef það
gerðist, en ég er ekkert
að stressa mig á því.“

„Ég byrjaði í söngskólanum átján ára, sem er frekar ungt fyrir söngnám karla. En ég vissi hvað ég vildi gera.“

flúði fangabúðir nasista í Póllandi og endaði í Englandi þar sem hann kynntist ástinni sinni. Þar kynntust svo foreldrar Garðars Thórs. England skipar því eðlilega stóran sess í huga hans.

Og aldrei er að vita nema Garðar Thór muni skipa stóran sess hjá Englendingum á árinu. Einar Bárðarson er að vinna í að koma plötunni hans á markað þar og ef það tekst er aldrei að vita nema enskættaði Íslendingurinn verði þar á allra vörum. „Þetta er svo stór markaður, það er aldrei að vita hvað gerist,“ segir Garðar sem er alveg rólegur yfir þessum plötumálum. „Ef platan kemur út í Englandi þá gerist það á árinu. Það væri voða gaman ef það gerðist, en ég er ekkert að stressa mig á því.“

Hann virkar alveg salírólegur þegar hann segir þetta, rétt eins og honum sé slétt sama hvort hann slær í gegn á alþjóðavísu. Hann hefur reyndar nóg að gera í söngnum nú þegar, bæði heima og erlendis. „Síðast var ég að syngja í Þýskalandi, Noregi og Englandi, þegar sýningum á Öskubusku lýkur fer ég aftur til Englands og síðan til Wales,“ segir hann. Á milli stórhlutverkanna syngur hann í jarðarförum og brúðkaupum, „eins og allir íslenskir söngvarar hvort sem þeir eru í klassík eða poppi“. Hann kvartar ekki yfir því hlutskipti. „Þetta er mjög fjölbreytt,“ segir



hann og hlær við.

Og ekki segist hann verða fyrir mikilli ágengni út af frægdinni. „Nei nei, hér þekkjá allir alla,“ segir hann og er helst að skilja að hann hljóti ekki svo mikið sem augngotur á förnnum vegi.

Sem blaðakona á bágð með að trúá. Íslenskar konur hljóta að gefa honum auga á götum úti. Hann er nú einu sinni mjög myndarlegur. Og í föstu sambandi svo að það komi fram. Sú heppna heitir Tinna Lind Gunnarsdóttir og

er leiklistarnemi í Listaháskóla Íslands. Þau hafa verið saman í mörg ár og eiga sitt heimili í Reykjavík. „Við búum hér en þegar ég er að vinna erlendis þá erum við mjög dugleg að hittast, hún reynir að koma til mín á tveggja til þriggja vikna fresti,“ segir Garðar Thór.

En hvað skyldi unnustan segja yfir öllum þessum nýfengnu kynþokkatitlum? „Hún sagðist alltaf hafa vitað þetta,“ segir Garðar Thór hálfhlajandi og feimnislega og við það sleppur hann úr viðtalinu.

L' O R É A L PARIS

Finnst þér þú hafir ómótstæðilegt yfirbragð?

Henni finnst þú eldast fljótt.

WRINKLE DE-CREASE

NÆRANDI OG VINNUR Á MÓTI HRUKKUMYNDUN
RAKAGEFANDI NÆRING

Fyrstu hrukkurnar? Spyrntu á móti
öldrunarferlinu, gerðu eitthvað!
Hrukkuvörnarkrem, rakagefandi húðnæring með Boswelox™.

Strax eftir einn tíma dregur úr hrukkunum.
Á 4 vikum dregur verulega úr þeim.



Langvarandi rakagjöf,
fitulaust innihald, klístrast ekki.
Berið á eftir rakstur, hefur róandi áhrif á húðina.



www.lorealmen.com



L'ORÉAL
PARIS
men expert

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ LÍKA SKILIÐ

Fífí, Dódy, Daddi og Bói

Fólk er í auknum mæli farið að skíra börn sín hálfgerðum gælunöfnum í stað stórra nafna sem síðan eru stytt.



Sjónvarpsstjarnan vinsæla er oftast kölluð Sirrý en heitir Sigríður.



Allir kannast við æringjann Ladda sem heitir reyndar Þórhallur.



Söngkonan góðkunnna er ýmist kölluð Sigrún eða Diddú.



Hestamaðurinn knái Sigurbjörn Bárðarson er oft kallaður Diddi.

Gælunöfn hafa lengi tíðkast á Íslandi en þar sem færst hefur í vöxt að skíra stúlkur stuttum nöfnum eins og Lindu, Björk, Líf, Evu, Söndru, Íris, Dögg og Ósk og strákana Örn, Elvar, Má, Þór, Ara, Inga og Frey hefur heldur dregið úr notkun gælunafna á síðustu árum. Jafnvel nöfnin sem afi og amma voru kölluð til styttingar á skírnarnöfnunum eru nú orðin að aðalnöfnum barnabarnanna. Villi, Addi og Valdi; Ellý, Dísa og Fríða eru dæmi um slík skírnarnöfn.

Gælunöfn skiptast dálítið í þrjá hópa. Fyrst nöfn sem eru styttingar úr skírnarnöfnum fólks eins og þegar Þorkell verður Keli, Þorvarður Varði, Vilhjálmur Villi, Páll Palli, Þorsteinn Steini og Sturlaugur Laugi; Þórdís Dísa, Svanhildur Svana, Þorgerður Gerða, Sigurlaug Lauga og Ingveldur Inga.

Næsti hópur er með gælunöfnum sem alltaf eru komin af sömu skírnarnöfnum. Þórarinn er kallaður Tóti, Jón Nonni, Sigríður Sigga, Þorbjörn Tobbi, Guðrún Gunna, Stefán Stebbi, Benedikt Bensi, Guðmundur Gvendur, Kristín Stína, Þorlákur Lalli og Þorbjörg Tobba.

Þriðji hópurinn er óútreiknanlegastur því þar virðist hvaða nafn sem er geta orðið að hvaða gælunafni sem er. Kristín er kölluð Dídí, Þórunn Dódy, Sigurbjörn Lilli, Sigprúður Didda, Örn Brói, Sveinn Dói, Sigríður Lilla og Þóra Systa. Diddar þessa lands heita hinum ýmsu nöfnum þegar að er gáð, Sigurðar, Þórhallar og Sigurbirnir og konur sem við þekkjum undir nafninu Gógó heita hinum ólíkustu skírnarnöfnum, allt frá Guðrúnu til Mattheu. Sama gildir um gælunöfnin Bíbí, Sísí og Dídí sem reyndar eru á undanhaldi að því er virðist. Nöfn sem enda á ki eða ka eins og Sveinki, Brynki, Rúnki, Steinka og Ranka virðast á útleið líka.

Í nafnatali frá 18. öld sem getið er í bókinni Nöfn Íslendinga kemur í ljós að sum gælunöfn hafa verið mun erfiðari að bera heldur en sjálf eiginnöfnin. Sumarliði er þar kallaður Liði, Þormóður kallaður Móði og Ólafur Láfi. Ekki tekur betra við þegar rýnt er í kvenmannsnöfnin. Þar er Svanhildur kölluð Svánka og Puríður Ríða.

Grein: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR
Mynd: HEIÐA



Ekkert mál að segja Hnokki og Dúllí

Systkinin **Porkell Helgi** og **Guðrún Mist Sigfúsbörn** hafa gælunöfnin **Hnokki** og **Dúllí**.

„Ég hef alltaf verið kallaður Hnokki frá því ég man eftir mér,“ segir Porkell Helgi, sautján ára nemandi við Menntaskólann í Hamrahlíð. Hann kveðst kunna gælunafninu vel og aldrei hafa gert neina tilraun til að breyta því. „Félagar mínir hafa aðeins prófað að kalla mig Kela eða eitthvað slíkt en það hefur ekki fest við mig,“ segir hann. „Ég bjó úti í Ameríku alla æsku mína, frá eins árs að tíu ára aldri og fólk þar vissi ekki einu sinni hvað ég hét í alvörunni. Það sagði bara „Hnaki“. Spurður hvort honum hafi einhvern tíma verið strítt á gælunafninu svarar hann: „Nei, fólk hefur kannski sýnt smá undrun í byrjun en ekkert alvarlega.“ Hann hefur heldur engar áhyggjur af því að Hnokkanafnið verði honum til trafala ef hann býður sig fram til forseta- eða biskupsembættis. „Nei, ef ég gerist einhver höfðingi þá verð ég bara „herra Þorkell“. Það er gott og gilt íslenskt nafn!“ En hvaðan skyldi nafnið Hnokki komið? „Það var systir mín hún Dúllí sem gaf mér það. Hún á allan heiður af gælunafngiftum

okkar beggja.“ Þar með er boltanum varpað yfir til Guðrúnar Mistar sem er alveg nýkomin heim eftir mánaðardvöl í Indónesíu. „Ég held þetta hafi byrjað þannig að þegar Þorkell fæddist var ég tæplega tveggja ára og gat ekki borið nafnið hans fram. Ég hafði skoðað bók um lítinn strákur sem var kallaður Hnokki og mér hefur greinilega fundist liggja beint við að fara það yfir á þennan bróður minn.“

Spurð hvernig Dúlliarnafnið hafi komið til svarar hún hlæjandi. „Þar sem ég var fyrsta barnabarn afa míns og ömmu þá fékk ég oft að heyra ég væri dugleg. Ég át það upp og úr var Dúllí!“ Hún kveðst mjög ánægð með nafnið og segir alla vini sína og ættingja kalla hana því. „Eftir því sem ég eldist læt ég fólk þó oftara vita að ég heiti Guðrún, ef ég þekki það ekki því betur. En eins og Hnokki nefndi vorum í Bandaríkjunum þegar við vorum lítil og þar átti fólk erfitt með að segja skírnarnöfnin okkar. Hinsvegar var ekkert mál fyrir það að segja Hnokki og Dúllí.“

Porkell Helgi Sigfússon
nemi og Guðrún Mist
Sigfúsdóttir.

Kisa, kaupu popp

„Þetta byrjaði í einhverjum fíflaskap þegar ég var í skíðaferð sem ungl-ingur og festist svona hríkalega við mig að alla skólagönguna kölluðu krakkarnir mig aldrei annað en Kisu,“ segir Svanhvít Jónsdóttir. „Skólafélagarnir gera það enn en það er líka bara bundið við þann hóp. Einu sinni var hringt heim þegar ég var enn í foreldrahúsum og pabbi svaraði: „Hún er nýfarin út.“ Þá hélt hann að það væri í alvörunni verið að spyrja um kisuna á heimilinu. Krakkarnir mínir fengu flog þegar það var spurt eftir mér með þessu nafni en eitt eftirminnilegasta atvikið tengt Kisunafninu er þegar ég var í bíó með vinkonum mínum og ein þeirra kallaði yfir allan salinn: “Kisa, kaupu popp.”



Súpa, salat og brauð

Hefðbundin samsetning sem aldrei bregst. Gott alla daga vikunnar. Hægt að nota allar uppskriftirnar saman eða hverja í sínu lagi með einhverju allt öðru.

Umsjón:

Halla Bára Gestsdóttir

Myndir:

Gunnar Sverrisson

Ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs

Gulrótasúpa

(fyrir 4)

Kraftmikil súpa sem er góður matur á virkum dögum en getur einnig verið sparileg á tyllidögum.

500 g gulrætur
300 g kartöflur
1 rauð paprika
3 skalottulaukar
2 stór hvítlauksrif
börkur af 1 sítrónu
2 msk smjör
8 dl vatn

1 teningur kjúklingakraftur
3-4 msk koníak, eða eftir smekk
2 dl rjómi, 1 dl til að þeyta
2 msk tómatkraftur
cayenne pipar eftir smekk
salt og pipar eftir smekk
þeyttur rjómi og ferskt basilíkum
til skrauts (má sleppa)

Skerið allt grænmetið smátt. Bræðið smjórið og tómatkraft í stórum potti og steikið grænmetið og sítrónubörkinn í 1 mínútu. Hellið vatninu saman við ásamt kjúklingakraftinum. Látið suðuna koma upp. Sjóðið áfram á vægum hita í 20 mínútur. Setjið súpunu í matvinnsluvél og maukið eða notið töfrasprota (farið varlega með heita súpunu). Hellið súpunni aftur í pottinn og hitið að nýju. Bætið rjóma og koníaki saman við. Smakkið til með kryddinu. Berið fram með rjómaslettu og fersku basilíkum.



*„Gott kaffi er ein af lystisemdum lífsins.
Corso Impero frá Tosteria del Corso
er kaffið sem við drekkum.“*

Albert & Bergþór



*Tosteria del Corso
il caffè...per passione*

„CORSO IMPERO“



Corso Impero er blanda úr 8 mjög verðmætum Arabica og Robusta kaffibaunum. Þetta er mest selda kaffið frá Tosteria del Corso. Var valið til að bera fram í krýningarafmæli bresku drottningarinnar og er borið fram af sumum virtustu veitingaþjónustum í Evrópu.

Ilmur: Súkkulaði, möndlur og hnetur. **Froða:** Þykk með litlum bóllum, karamellulit. **Bragð:** Þétt, mikið ristað og rjómakennt.

Dökkt án þess að vera rammt. Gott jafvægi á milli ávaxta og beiskju.

Eftirbragð: Mjög langt með þægilegri síru.



Fæst í: Gripið og Greitt, Hagkaup, Miðbúðinni, Ostabúðinni við Skólavörðustíg,
Samkaup, Yndisauka og Versluninni Rangá. Allt um nýju tegundirnar sjá www.gjordusvovel.is

gjordusvovel.is

Huglök Jan. 06

Hjartabrauð

(10 stk)

Góð uppskrift að hefðbundnu gerbrauði en mótað skemmtilega þannig að það setur svip á borðið þegar það er borið fram.

2 1/2 tsk. þurrger	um 7 dl hveiti eða heilhvæiti
1 1/2 dl mjólk	og hveiti blandað saman
1 dl vatn	pískað egg til penslunar
1/2 pískað egg	rifinn ostur, sólblómafræ,
1/2 msk. olía	paprikuduft, sesamfræ,
1 tsk. salt	birkifræ eða kúmenfræ

Blandið mjólk og vatni saman. Hafid blönduna ylvola og leysið gerið upp. Setjið salt og olíu út í. Bætið hveitinu smátt og smátt saman við. Gætið þess að setja ekki allt hveitið út í einu því kannski er ekki þörf á því öllu. Hnoðið deigið. Látið deigið hefast í 40 mínútur. Hnoðið aftur. Skiptið deiginu í 10 parta. Mótið hvern part ílangan. Búið til totur á endana þannig að hver partur sé eins og karamella í bréfi. Klippið miðjuna langsum í gegn, ýtið efri totunni niður á við í gegnum gatið, þrýstið miðjunni niður og úr verður hjarta. Stillið ofninn á 250°. Látið hjörtun hefast í 30 mínútur. Penslið með pískuðu eggj og stráíð fræjum, kryddi eða osti yfir. Bakið í 15 mínútur.



Pastasalat með þistilhjörtum

(fyrir 6-8)

Mjög matarmikið salat sem hefur reynst vel í mann-margar veislur.

sósa:

1/2 bolli léttmajónes eða feitur sýrður rjómi
 1/2 bolli ólífuoíía
 1/4 bolli rauðvínsedik
 1 1/2 tsk. Dijon sinnep
 1 tsk. sykur
 1/2 tsk. salt
 1/2 tsk. svartur pipar
 1/4 tsk. oregano
 1/4 tsk. basilíkkum
 1/4 tsk. tímán
 1 hvítlausrif, marið

grænmeti:

1 dós niðursoðin þistil-hjörtu í vatni, skorin í ræmur
 1/2 bolli svartar ólífur, skornar í sneiðar
 1 1/2 bolli sellerí, skorið í sneiðar
 1/2 bolli sólþurrkaðir tómatar, helst ekki í olíu, skornir í grófa bita
 3/4 bolli vorlaukur, skorrinn í þunnar sneiðar

500 g soðið og kalt ostafyllt tortellini

1/2 bolli ferskur pamesan-ostur, fínrifinn



Hrærið saman allt hráefnið í sósunu. Setjið grænmetið út í, þá pastað og ostinn varlega saman við. Berið fram eitt og sér eða sem meðlæti.



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur
fyrir alla þá sem hafa hollustuna
í fyrirrúmi og vilja lifa á
heilsusamlegan hátt.



Skýr



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



Leður er svo skemmtilegt efni

Hulda hefur lengi verið að hanna. Efniviður hennar var að mestu silki en hún hefur nú heillast af leðri og ýmsum grófum efnum.

Hulda Kristinsdóttir var farin að sauma á sig tólf ára gömul.



Hulda gerir ekkert pils eins. Hér eru þrjú leðurpils, tvö þeirra eru með nílarkarfa á og eitt með laxi.



Mosagrænt pils úr svínarússkini. Á því er nílarkarfi.

Taska úr olíubornu leðri, lokið er úr dádýrsskinni.

„Ég hef eiginlega verið að hanna síðan ég man eftir mér,” segir Hulda Kristinsdóttir klæðskeri og kjólameistari. Hún lærði textílgerð og silkiþrykk í Listaháskólanum fyrir margt löngu og hefur mikið unnið með silki. „Ég hef verið að taka stökkbreytingu núna og fór úr fínu silkisamkvæmi-skjólunum yfir í leðrið og þetta grófa. Ég ætla að reyna að tengja þetta saman fyrir næsta vetur; vera með flotta sikilkjóra, toppa og pils ásamt leðrinu.” Hulda kveðst í sjálfu sér ekki vera lærð í leðri. „Mér finnst það bara svo ofboðslega skemmtilegt efni og er núna á leiðinni í þrjú mánaða nám í töskugerð í London.” Hulda vill einungis nota

íslenskt hráefni og fer meðal annars reglulega í verslunina Sjávarleður á Sauðárkróki til að sækja sér efni. „Silkið hef ég reyndar ekki getað keypt hérlandis en hitt er allt íslenskt svo sem lambaskinnið og allrahandi sjávarleðrið,” segir Hulda sem heldur því fram að hvergi sé hægt að fá eins gott fiskroð eins og hér heima. Hulda selur vörur sínar eingöngu í Verksmiðjunni á Skólavörðustíg 4. „Ég stefni þó á að fara með pilsin á sýningar erlendis. Útlendingar hafa verið mjög hrifnir af þeim. Eins hafa komið hingað fagmenn frá Þýskalandi og Ameríku sem skilja ekki af hverju ég er ekki komin með þau út,” segir Hulda að lokum.

Hringskorið silkipils með ísaumi.



Hringskorið silkipils með ísaumuðum drekaflugum.



**SVARTAR
GALLABUXUR**

4990

**NÝJAR VÖRUR VIKULEGA
EKKI MISSA AF!**

VERO MODA®

Kringlan - Smáralind

Mýnd: HEIÐA HELGADÓTTIR



Fimleikasýningar hjá ömmu

Sigrún Hrefna og Nanna eru duglegar að finna upp leiki þegar þær eru hjá ömmu sinni. Þær hafa haldið ýmsar sýningar og meðal annars sett upp Hans og Grétu.

Systurnar Sigrún Hrefna og Nanna Sveinsdætur eru hugmyndaríkar og bralla ýmislegt þegar þær eru hjá ömmu sinni, Nönnu Jónasdóttur. Þær búa upp í Seláshverfi þar sem amma þeirra og afi bjuggu líka en í fyrra fluttu þau upp á Vatnsenda. Langmæðgurnar voru rétt komnar inn úr dyrunum þegar blaðamaður bar að garði. „Stelpurnar eru í Seljaskóla þannig að ég nær oft í þær þegar þær eru búnar í skólanum, ég er svona á bakvaktinni,“ segir Nanna eldri.

Spurðar hvað systurnar geri hjá ömmu sinni segja þær að það sé svo margt. „Það var samt meira hægt að gera í hinu húsinu. Núna teiknum við meira og svo erum við alltaf að spila,“ segir Nanna yngri. „Já það eru alltaf komin spil upp á borð, meira að segja meðan þær eru að borða!“ segir amman hlægjandi.

„Áður en við fluttum voru þær alveg sérstaklega duglegar við að leika. Þar var stórt alrými þar sem settar voru upp fimleikasýningar, leikrit og fleira. Það var skemmtilegast þegar þau voru öll saman,“ segir amman en hún á þrjú barnabörn í viðbót, þau Sigríði, Þóru og Jónas. „Einu sinni settum við Hans og

Grétu á svið og gerðum búninga úr Nóatúnspokum,“ segir Sigrún og þær systurnar fara báðar að skellihlæja. Sófínn var skreyttur með nammi og síðan var eitt áhorfandasæti sem ætlað var ömmunni. „Svo þurfti að sýna leikritið þrisvar því allir urðu að vera í öllum hlutverkum, leika galdranornina, Hans og Grétu,“ segir amman.

Það virðast vera ýmsir fastir liðir hjá ömmu og afa, meðal annars þegar gíst er. „Alltaf þegar við vöknum förum við upp í til ömmu og afa og horfum á barnatímamann. Svo látum við alltaf pöntun til ömmu og hún fer fram og nær í kakó og ristað brauð og kemur með það og svo erum við þar fram yfir hádegi,“ segir Nanna yngri og amman bætir brosandí við „Það þarf nú eiginlega að ryksuga í framhaldinu.“

Það er greinilegt að Nanna eldri nýtur þess að vera með barnabörnum sínum. „Það er mikill lúxus að vera hættur að vinna og geta gert það sem maður vill. Ég nýt þess að hafa tíma fyrir mig og barnabörnin,“ segir hún að lokum.

Leitað að barnapíu

Margir eiga erfitt með að finna barnapíu fyrir börnin sín ef engir unglingar eru í nánustu fjölskyldu þeirra. Það á samt sem áður að vera hægt að finna góða barnapíu ef vel er leitað.

1. Spyrjið vini og ættingja hvort þeir þekki einhverja unglinga sem gætu hugsað sér að gæta barna.

2. Leitið í hverfinu og athugið hvort að þið sjáið einhverja unglinga sem koma til greina. Kosturinn við það að barnapían búi nálægt er að þá getur hún leitað til foreldra sinna ef eitt-hvað kemur upp á.

3. Gætið þess að barnapían sé nógu gömul. Ellefu ára og eldri eiga auðveldlega að geta gætt barna sem náð hafa tveggja ára aldri en til þess að hugsa um ungabarn þarf barnapían að vera eldri og reynslumeiri.

4. Talið við stráka jafnt og stelpur. Strákar geta gætt barna alveg jafn vel og stelpur. Litlum strákum finnst líka oft skemmti-



legra að vera með stórum strákum.

5. Spyrjið tilvonandi barnapíu hagnýtra spurninga. Spyrjið um skyndihjálparnámskeið, reynslu af börnum, launagreiðslur og hvernig hún komist til og frá heimili ykkar. Það er betra að vera með allt á hreinu frá upphafi.

6. Athugið hvernig barnapíunni og barninu kemur saman. Þjóðið barnapíunni í heimsókn og leyfið henni og barninu að vera saman inni í herbergi svo þau kynnist hvort öðru áður en þau þurfa að vera ein heima.

Fáið barnið til þess að klæða sig sjálf

1. Leyfið barninu að velja hvaða fötum það klæðist hversdags.

2. Leyfið barninu að taka þátt í að velja hvaða fót eru keypt. Ef barninu líkar það sem er í fataskápnunum og finnst það þægilegt er líklegra að það nenni að klæða sig sjálf.

3. Leyfið barninu að skreyta notuð fót sem því eru gefin með fatalitum. Það gerir fötin sérstök og meira spennandi.

4. Límið mynd á hverja skúffu eða hillu sem barnið á af flik eins og þeim sem þar er að finna. Á sokkaskúffuna er límið mynd af sokki, á peysuhilluna er límið mynd af peysu og svo framvegis.

5. Látið barnið ákveða á kvöldin hverju það ætlar að klæðast daginn eftir og hafið fötin tilbúin á stól. Það sparar mikinn tíma á morgnanna.

6. Gerið það að leik að klæða sig. Þið getið jafnvel farið í kapp um það hver sé fyrstur að komast í öll fötin.



